

Alþingi

Kirkjustræti
101 Reykjavík


Reykjavík, 11. febrúar 2026
2510555 LÍV / 20.0/

Efni: Umsögn Landssambands íslenskra verzlunarmanna um frumvarp til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bótatímabils o.fl.) (mál 312, 157. Löggjafarþing 2025-2026)

Landssamband íslenskra verzlunarmanna (LÍV) leggur ríka áherslu á mikilvægi atvinnuleysistrygginga sem grundvallaröryggiskerfis fyrir launafólk. Réttindin eru ekki sjálfgefin heldur áunnin með þátttöku á vinnumarkaði og veita nauðsynlegt öryggi þegar til atvinnumissis kemur. Þær breytingar sem nú eru boðaðar, um styttingu bótatímabilsins úr 30 mánuðum í 18 mánuði og hert ávinnskilyrði, fela í sér alvarlega skerðingu á réttindum launafólks og munu veikja stöðu þeirra sem standa höllustum fæti á vinnumarkaði.

Þau rök að hér sé verið að nálgast það sem gerist á hinum Norðurlöndunum standast ekki skoðun, því nauðsynlegt er að skoða það fjármagn sem lagt er í virkar vinnumarkaðsaðgerðir sem eina heild.

Fjármunir í virkar vinnumarkaðsaðgerðir



Heimild: OECD

Árið 2019 tók ASÍ atvinnuleysistryggingar til umfjöllunar í skýrslunni Íslenskur vinnumarkaður 2019. Þar kom m.a. fram að á árunum 2016-2019 var að jafnaði einungis 30-40% þátttaka í úrræðum, þ.e. meirihluti tók ekki þátt. OECD hefur í umfjöllunum sínum um Ísland ítrekað bent á að misræmi milli menntunar og starfa sé hátt á Íslandi. Á tímum tæknibreytinga er einnig lögð vaxandi áhersla á að atvinnuleysistryggingar og virkar vinnumarkaðsaðgerðir styðji við bætta færni í takt við þarfir vinnumarkaðar, t.d. með endur- og símenntun. OECD hefur einnig lagt áherslu á að atvinnuleysistryggingakerfið þurfi að koma betur til móts við þarfir innflytjenda sem síður hafa tengslanet á vinnumarkaði og þar þurfi úrræði, námskeið og tungumálakennsla að vera betur sniðin að þörfum þeirra.


Af þessum sökum telur Landssamband íslenzkra verslunarmanna nauðsynlegt að horfa á heildarmyndina og ef ætlunin sé að leggja áherslu á virkar vinnumarkaðsaðgerðir verði að fylgja með fjármagn til þeirra aðgerða. Skortur á þeim gögnum sem notuð eru til grundvallar þeim breytingum sem lagðar eru fram í frumvarpinu gera það að verkum að mjög erfitt er að leggja mat á forsendur þess. Það er hins vegar ekki erfitt að bera saman vinnumarkað á Íslandi og á hinum Norðurlöndunum. Íslenskur vinnumarkaður einkennist af meiri sveigjanleika en þar er raunin og ein helsta undirstaða þess er framkvæmd atvinnuleysistrygginga á Íslandi. Sé það sérstakt markmið stjórnvalda að færa íslenskan vinnumarkað nær því sem gerist á hinum Norðurlöndunum, telur LÍV að horfa þurfi heilstætt á allar hliðar íslensks vinnumarkaðar og meta þá kosti sem hann býr yfir. Þrátt fyrir að atvinnuleysifari vaxandi er atvinnuleysi almennt lágt á Íslandi og langtímaatvinnuleysi líka. Því er ástæða til að vara við því að ráðast í illa rökstuddar breytingar á kerfi sem virkar ágætlega.

Stuðningur við atvinnuleitendur í formi vinnumiðlunar, ráðgjafar og úrræða sem viðhalda virkni, efla einstaklinginn og vinnufærni hans eru ein grunnstoð atvinnuleysistryggingakerfisins. Í umræðu og stefnumótun á sviði atvinnuleysistrygginga á alþjóðavísu er aukin áhersla lögð á þetta hlutverk atvinnuleysistrygginga, þ.e. vinnumiðlun, ráðgjöf til starfsþróunar, sí- og endurmenntun. Ekki þarf annað en skoða upplýsingagjöf fyrir atvinnuleitendur á hinum Norðurlöndunum til þess að sjá þann mun sem er á okkar vinnumarkaði og þess sem þar tíðkast. Þegar horft er til þeirra vinnumarkaðsaðgerða sem þekkjast á hinum Norðurlöndunum er erfitt að draga aðra ályktun en þá að hér sér byrjað á röngum enda.

Auk þess sýnir reynslan að framboð atvinnu minnkar hratt á samdráttarskeiðum sem ósjaldan standa lengur en 18 mánuði. Áhersla á að koma atvinnuleitanda fljótt aftur í starf er að jafnaði árangursríkasta úrræðið til virkni. Við ákveðnar aðstæður, t.d. við litla vinnuafloftirspurn á samdráttarskeiðum eða þegar ákveðið misræmi ríkir t.d. vegna tæknibreytinga, getur hins vegar verið árangursríkara að tryggja aðgengi að fjölbreyttum mennta- og færniúrræðum til að styrkja stöðu einstaklings á vinnumarkaði til lengri tíma. Það er því undarleg forgangsroðun að á sama tíma og hagkerfið kólnar hratt og farið er að gæta áhrifa tæknibreytinga á fjölda starfa félagsfólks í LÍV, sé ætlunin að stytta bótatímabil atvinnuleysistrygginga, án þess að fyrir liggi áætlun um virkniúrræði.

LÍV leggur til að frumvarpi þessu verði vísað aftur til ríkisstjórnar til nánari vinnslu og þá í samráði við verkalýðshreyfinguna, líkt og hefð er fyrir þegar um vinnumarkaðstengd réttindi er að ræða. Að þvinga í gegn breytingar á atvinnuleysistryggingum án slíks samráðs skapar hættulegt fordæmi til framtíðar.

Landssamband íslenzkra verzlunarmanna óskar eftir því að fá að gera frekari grein fyrir afstöðu LÍV á fundi velferðarnefndar Alþingis.

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Einar Stefánsson'.

Eiður Stefánsson
Formaður LÍV